

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 184/2021

frá 11. júní 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1713 frá 9. október 2019 um að ákvarða gerð, framsetningu og tíðni upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/2015/ESB um losun í iðnaði ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azf (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azfa. **32019 D 1713**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1713 frá 9. október 2019 um að ákvarða snið upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 (Stjtið. ESB L 260, 11.10.2019, bls. 65).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (EB) nr. 2019/1713, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2021 frá 11. júní 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 260, 11.10.2019, bls. 65.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.